

Aðalfundur Brunavarna A-Húnv. haldinn miðvikudaginn 5. júlí 2006, kl. 20:00 að Hnjúkabyggð 33, Blönduósi. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Skýrsla formanns
3. Skýrsla slökkviliðsstjóra
4. Ársreikningar 2004 og 2005
5. Umræður um skýrslur og reikninga
6. Afgreiðsla reikninga
7. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2006
8. Önnur mál
9. Fundarslit.

Afgreiðslur:

1. Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar Blönduóssbæjar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að gengið yrði til kosninga á nýrri stjórn Brunavarna. Fram kom eftirfarandi tillaga:

Aðalmenn: Ágúst Þór Bragason, Blönduósbæ
 Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Blönduósbæ
 Gróa Lárusdóttir, Húnavatnshreppi

Varamenn Valdimar Guðmannsson, Blönduósbæ
 Jóna Fanney Friðriksdóttir, Blönduósbæ
 Tryggvi Jónsson, Húnavatnshreppi

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Ágúst Þór Bragason flutti skýrslu formanns stjórnar og fór yfir liðið starfsár. Færði hann starfsmönnum og stjórn þakkir fyrir gott samstarf og taldi rekstur Brunavarna í góðu jafnvægi.
3. Andrés I. Leifsson, slökkviliðsstjóri flutti skýrslu sýna og gat um einstaka atburði í starfsseminni og gerði grein fyrir þeim.
4. Ágúst Þór kynnti ársreikninga ársins 2004 og 2005. Skýrði hann einstaka liði þeirra og fór yfir rekstur og efnahag Brunavarna.
5. Umræður urðu um ársreikninga og komu fram ábendingar um að ekki væri getið um fasteignir né aðrar eignir í ársreikningi og var stjórn falið að bæta úr því. Tóku allir fundarmenn þátt í umræðum um skýrslur og reikninga.
6. Reikningar ársins 2004 og 2005 voru bornir upp í einu lagi og samþykktir samhljóða.
7. Lögð var fram tillaga um að hækka fjárhagsáætlun ársins 2006 um 5. milljónir vegna kjarasamninga Landssambands slökkviliðsmanna og Launanefndar

sveitarfélagi. Miklar umræður urðu um tillöguna og rekstur slökkviliðsins. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

8. a) Fram kom tillaga um að leita leiða til hagræðingar í rekstri Brunavarna og óska eftir viðræðum um samstarf eða sameiningu slökkviliða á svæðinu. Samþykkt að fela stjórn að vinna að málinu í samvinnu við slökkviliðsstjóra og sveitarstjóra á svæðinu.
- b) Samþykkt var að fela stjórn að endurskoða samþykktir Brunavarna og eiga um það samstarf við sveitarstjórnir um gerð nýrrar samþykktar.
- c) Slökkviliðsstjóri lagði fram erindi frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um greiðslu ársgjalds vegna hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Samþykkt að vísa erindinu til stjórnar.

Fleira var ekki bókað og fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:10.

Ágúst Þór Bragason

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson
Valgarður Hilmarsson
Gróa Lárusdóttir
Björn Magnússon
Andrés I. Leifsson, slökkviliðsstjóri